

Ávarp stjórnarformanns Ingibjargar Aspar Stefánsdóttur

Skiptir þetta máli?

Ein af mörgum ógleymanlegum stundum hér í Hörpu var þegar hin magnaða listakona Anne Sophie Mutter fiðluleikari heimsótti okkur í janúar síðastliðnum ásamt hópi listamanna. Í móttöku sem Forseti Íslands hélt henni til heiðurs talaði hún um fyrri heimsókn sína til Íslands en þá hafði hún komið hingað og spilað í Háskólabíó, árið var 1985. Það sem þessum listamanni var sérstaklega minnisstætt úr þeirri heimsókn var að Forseti Íslands var



viðstaddur tónleikana og að Forsetinn var enginn venjulegur Forseti, Forsetinn var kona. Fyrir ungan heimsborgara á þessum tíma var sú staðreynd að kona væri Forseti með miklum ólíkindum. Þetta var á sama tíma og hér ólust upp heilar kynslóðir sem veltu því fyrir sér hvort karlmaður gæti yfir höfuð orðið Forseti. Þannig er þetta. Árangur, afrek eða aðstæður sem á margan hátt teljast einstakar og eftirtektarverðar, verða í hugum okkar viðtekin venja, eðlilegar og í einhverjum skilningi hversdagslegar. - Jafnvel þannig að við áttum okkur ekki á því að hlutir eru ekki sjálfsagðir og að þróun mála hefði getað orðið með öðrum hætti.

Með sama hætti alast nú upp kynslóðir sem ekki þekkja samfélag án Hörpu. Sömuleiðis skortir okkur sem eldri erum getu til að muna hvernig við framkvæmdum ýmsa hluti fyrir opnun Hörpu, okkur finnst að tilvist Hörpu í samfélaginu sé algjörlega sjálfögð og sjálfgefin.

Blómlegt menningarlíf er hluti af þeirri samfélagsgerð sem við sem þjóð erum sammála um að rækta. Við vitum að það er menningin sem gerir okkur mennsk, hún stækkar okkur, hjálpar okkur að skilja hvert annað betur og þroskast sem samfélag. Þess vegna viljum við að menningin sé aðgengileg öllum frekar en forréttindi fárra. Því er það okkar gæfa að landsmenn og stjórnámálamenn hafa verið sammála um að byggja upp samfélag þar sem menningin er hluti af daglegu lífi, hún er nálæg og sjálfsögð. Þetta hefur kallað á djarfar ákvarðanir í gegnum tíðina sem við eigum að minnast og vera þakklát fyrir. Okkur finnst þetta meira að segja svo sjálfsagt að við erum ekkert endilega að velta því fyrir okkur hvað þetta er verðmætt og einstakt. Menningin er allt um lykjandi og það markar okkur sem þjóð á svo margvíslegan hátt.

Tónlistin er svo gott dæmi um áhrifamátt menningarinnar. Tónlistin stækkar það sem þarf að stækka og minnkar það sem þarf að minnka. Hún róar og sefar eða ýtir undir stuð og stemmingu. Tónlistin getur svo auðveldlega farið undir skinnið á okkur og alveg inn að kviku. Þess vegna viljum við gjarnan tengjast henni á öllum okkar stærstu tilfinningalegu augnablikum, í gleði og sorg og grípum til hennar við öll tilefni. Þegar við komum saman á stærstu íþróttaviðburðum eða í fámenni til að kveðja ástvini. Við sefum lítil börn með tónlist og sýnt hefur verið fram á lækningamátt tónlistar hjá elstu aldurshópum samfélagsins og þá sérstaklega þeim sem glíma við veikindi. Það má því kannski segja að hún sé upphaf og endir alls hjá okkur, að minnsta kosti nátengd hvoru tveggja. Slíkur er áhrifamáttur menningar og listarinnar.

Fyrir rétt um ári síðan, á aðalfundi Hörpu, voru aðstæður sannarlega aðrar en þær eru nú. Við höfðum örskömmu áður öðlast langþráð frelsi eftir krefjandi Covid tíma og aðstæður sem við hefðum aldrei trúað að við þyrftum að takast á við.

Margir trúðu því að þegar að heimsfaraldri lyki myndi fólk stökkva til og fylla menningarhús um heim allan. Þó var ljóst að óvissan væri nokkur og ómögulegt var að spá hvernig færi fyrir viðburðum sem hafði verið margfrestað og röð viðburða sem hafði safnast upp. Erfitt var að spá fyrir um þróun í miðasölu, hvort hún færi fljótt í fyrra horf eða hvort að ööryggi og óvissa myndu móta taktinn áfram. Hversu fljótt færi samfélagið að treysta nýjum opnum veruleika þar sem hægt væri að gera áætlanir fram í tímann, takmarkalaust.

Í stuttu máli gerðust hlutirnir hratt, viðburðahaldarar tóku við sér, gestir sem margir höfðu átt miða á viðburði árum saman tóku opnun fagnandi og ótrúlegur fjöldi af stórum fundum og ráðstefnum var haldinn.

Þrátt fyrir það var staðan ólík á milli viðburðahaldara, hegðun kaupenda hafði breyst sem leiddi til þess að miðar eru frekar keyptir á síðustu stundu og fólk bindur sig síður langt fram í tímann.

Áskoranir sem þessu fylgdu voru fjölmargar og krefjandi. Á aðalfundi fyrir ári síðan fór ég yfir þær framkvæmdir sem voru í gangi hér í Hörpu á Covid tíma, þann stórhug og framsýni sem eigendur sýndu í því samstarfi og ótrúlegan metnað starfsfólks og stjórnenda Hörpu, við ætluðum ekki að opna draugahús eftir Covid. Og allt gekk þetta eftir, húsið var tilbúið, starfsfólk Hörpu var sannarlega tilbúið og óhætt er að segja að Harpa hafi ekki látið sitt eftir liggja í því að koma hjólum menningar- og atvinnulífs aftur á fullan snúning. Líkt og með menninguna þá hefur Harpa mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að atvinnulífi og þá sérstaklega í listum, skapandi greinum og ferðapjónustu. Á þeim vettvangi viljum við gera vel og vera virkur þátttakandi í þróun og eflingu greinarinnar.

Rekstur Hörpu og rekstrargrundvöllur er stöðug áskorun. Eins og áður hefur komið fram þá hefur öllum steinum verið velt við og leiða leitað til að bæta og hagræða í rekstri og starfsemi. En það er ekki nóg, við viljum líka vera í stöðugri þróun og sókn. Ameríski viðskiptamaðurinn og mentorinn Stephen Covey sagði „Ef við ætlum að ná árangri sem við höfum ekki náð áður verðum við að gera hluti sem við höfum ekki gert áður“ og það er sannarlega partur af því sem við höfum augu á alla daga.

Dæmi um slíkt verkefni er útgáfa sjálfbæriskýrslu Hörpu sem kemur nú út í tengslum við aðalfund í fyrsta skipti og verður nánar kynnt hér á eftir. Þetta er mikilvægt skref enda vitum við öll að í samfélagi samtímans er árangur ekki aðeins metinn af hljómgæðum í tónleikasal eða myndinni sem birtist í efnahagslegum upplýsingum í ársreikningi. Ímynd og árangur tónlistar- og ráðstefnuhúsa ræðst af samtalinu við samfélagið, samtali sem felur í sér miklu viðtækari nálgun en við höfum áður séð. Þessu fylgir sömuleiðis rík krafa um að upplýsingar séu sannreyndar og ápreifanlegar. Staðreyndir sem lúta að rekstrinum og við teljum algjörlega

sjálfgefnar eru færðar í orð en aðrar flóknari áskoranir, nálgumst við af varfærni, tökum stutt en ákveðin skref og stefnum að mesta mögulega árangri á öllum sviðum. Samfélagslega ábyrg hugsun er uppspretta nýrra viðskiptatækifæra og aflgjafi sem veitir okkur innblástur og kraft til að bæta árangur og vera samkeppnishæfari á innlendum og erlendum mörkuðum.

Í umræðunni um samfélagsábyrgð má ekki gleyma mikilvægi þess að hugað sé að fjórðu stoð sjálfbærninnar, til viðbótar við umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti - en það er hin efnahagslega sjálfbærni. Mikilvægi þess að ákveðinn stöðugleiki sé tryggður í rekstrinum og að til staðar sé sjálfbært rekstrarmódel sem stuðlar að slíku. Slíkt myndi í öllum tilfellum hvíla á skuldbindingum eigenda sem gerðar yrðu til lengri tíma og myndu skapa ákveðið jafnvægi og öryggi í starfseminni. Í raun er það skilningur minn að allir aðilar séu sammála um mikilvægi þessa og að vilji sé til staðar hjá öllum sem málinu tengjast til að koma því í farveg. Það má kannski segja aðstæður síðustu ár hafi verið með þeim hætti að útfærsla á framtíðarmódeli hafi verið erfið en við trúum því að aðstæður fyrir slíkt samtal muni skapast á næstu misserum og við erum sannarlega tilbúin í það samtal. Með slíkri umgjörð myndi skapast aukið jafnvægi í rekstrinum og tækifæri til að vinna áætlanir sem snúa að starfsemi og rekstri til lengri tíma auk þess sem færi gæfist á að vinna nákvæmari áætlanir um mikilvæg verkefni á sviði viðhalds, endurnýjun búnaðar og önnur fjárfestingarverkefni .

Í þessum efnum líkt og öðrum er gott að finna stuðning eigenda og vilja þeirra til að standa vel við bakið á Hörpu og rekstrinum. Þetta átti sannarlega við í krefjandi aðstæðum síðustu ára en ekki síður nú þegar við horfum fram á veginn og veltum fyrir okkur nauðsynlegri þróun á ýmsum þáttum starfseminnar. Ég vil fyrir hönd stjórnar og stjórnenda Hörpu flytja fulltrúum eigenda bestu þakkir fyrir einstaklega gott samstarf og samtal sem við vitum að verður gott og gjöfult áfram.

Það er óhætt að segja að árangur síðastliðins rekstrarárs sé góður, hvort sem horft er til faglegra viðmiða eða rekstrarlegra. Viðburðir voru sem fyrr fjölbreyttir og af margvíslegum toga. Harpa sýndi í verki að hún er allt í senn, heimssvið og heimavöllur og allt litróf íslensk tónlistarlífs birtist gestum hússins. Yngstu gestirnir héldu áfram að heimsækja Hljóðhimna, fólk streymdi að á opna viðburði til að njóta listamanna sem ýmist komu fljúgandi af þaki Hörpu eða stigu fram með hefðbundnari hætti á sviðinu í Eldborg. Harpa var vettvangur

Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna sem var sjónvarpsviðburður á heimsmælikvarða, barnamenningar og heimþekktu listamanna.

Stórt og mikilvægt skref var stigið í starfseminni með stofnun dagskráráðs og mótun á skýrari markmiðum og viðmiðum varðandi framleiðslu eigin viðburða í húsinu. Í þessu felst útfærsla á markmiðum eigenda sem snúa að framleiðslu eigin viðburða. Ráðstefnur, fundir og annars konar viðburðir voru umfangsmiklir á árinu en á þeim vettvangi var augljóslega til staðar uppsöfnuð þörf og hlutfall þeirra hærra en í hefðbundnu rekstrarári.

Þessi staðreynd hefur bein jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins þar sem slíkir viðburðir skila almennt meiri framlegð en menningarviðburðir. Ef horft er til þess að á síðasta ári höfðum við 10 mánuði í opnu samfélagi til að sinna hefðbundinni starfsemi í Hörpu má segja að það sé kraftaverki líkast að við séum að horfa á þá rekstrarniðurstöðu sem birtist okkur í ársreikningi og kynnt verður hér á eftir. Auðvitað er fjölmargt sem spilar þar inn í – þar á meðal skilningur eigenda og viðbótarframlög, hátt hlutfall viðburða sem skilja mikið eftir sig og agi í rekstri. En við erum samhliða þessu að taka á eldri málum sem hafa fylgt okkur árum saman, jafnvel frá opnun hússins eins og kynnt verður hér á eftir.

Síðast en ekki síst má þakka starfsfólki Hörpu og stjórnendum þann árangur sem náðst hefur á öllum sviðum. Viðbragðstímin var ótrúlegur þegar að því kom að allt opnaðist, kerfið varð á stuttum tíma þanið og hefur verið það síðan. Auðvitað fylgja slíkum umskiptum ýmsar áskoranir sem hópurnir hefur mætt og tekist á við af sama dug, metnaði og elju og við höfum áður séð hjá vel samstilltu teymi. Stjórnendur í Hörpu hafa leitt hópinn til góðra verka og hafa ekki síður en annað starfsfólk sýnt óhemju metnað og elju, það er mikil gæfa að hafa í okkar röðum jafn öflugan hóp og raun ber vitni .

Og áfram blasa stór verkefni við Hörpu teyminu þegar stór alþjóðlegur leiðtogafundur verður haldinn hér í maí mánuði. Nýtt áður óþekkt umfang, aðstæður sem reyna á alla innviði og þanþol húsnæðis og starfsfólks. Við vitum að þetta verður í öruggum höndum. Takk kæra starfsfólk Hörpu fyrir frábærlega vel unnin störf, metnað og þor – þið megið sannarlega vera stolt af ykkar störfum.

Þetta á sömuleiðis við fasta íbúa og notendur hússins á sviði menningarlífsins – Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku óperuna og Stórsveit Reykjavíkur - en ekki síður aðra aðila í húsinu sem skapa umgjörð og upplifun í samræmi við áherslur og stefnu Hörpu. Þá eru ónefndir samstarfsaðilar, viðburðahaldarar og listamenn sem gera Hörpu að því sem Harpa er, koma inn með súrefnið og skapa tilganginn.

Stjórn Hörpu fundaði 11 sinnum á árinu og endurskoðunarnefnd 6 sinnum. Stjórnin hefur verið einstaklega samstíga í því að styðja stjórnendur og starfsfólk til að hugsa stórt og fylgja fast eftir metnaðarfullri stefnu og áherslum sem mótaðar voru 2019. Í stjórnarstörfum höfum við einnig lagt ríka áherslu á að viðhafa góða stjórnarhætti, höfum kortlagt nauðsynlega hæfni og þekkingu stjórnarmanna, unnið sjálfsmat og í þessu öllu lagt áherslu á gott samtal við eigendur og fulltrúa þeirra. Hópurinn sem skipaði stjórn Hörpu síðasta ár kom með ólíka styrkleika, þekkingu og reynslu að borðinu, allir leggja sitt í umræðuna og í því felast mikil verðmæti sem eru þakkarverð. Ég vil þakka stjórnarmönnum gott og gefandi samstarf sem hefur byggt á traustu og opnu samtali.

Það hefur legið fyrir að Aðalheiður Magnúsdóttir muni ekki gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og vil ég þakka henni sérstaklega gott samstarf á síðustu árum og sérstakar þakkar vil ég færa henni fyrir dýrmætt framlag hennar í verkefnastjórn sem hélt utan um framkvæmdir á jarðhæð Hörpu. Guðni Tómasson er sömuleiðis að ljúka sínum stjórnarstörfum en hann hefur, samhliða stjórnarsetu, leitt dagskrárráð Hörpu og við bindum vonir við að svo verði áfram þó hann hverfi úr stjórn. Kærar þakkar Guðni fyrir gott samstarf í stjórn Hörpu og fyrir verðmætt innlegg þitt í dagskrárráð Hörpu.

Sú breyting verður nú á stjórn að tveir varamenn verða skipaðir í stjórn en nánar verður fjallað um þá breytingu og skipan stjórnar hér á eftir.

Með sama hætti vil ég þakka Hjörleifi Pálssyni sem hefur sinnt starfi formanns í endurskoðunarnefnd og hefur leitt það starf með miklum sóma, alltaf með það að leiðarljósi að auka gæði, gagnsæi og skilvirkni í störfum okkar.

Það er bjart framundan í Hörpu og ljóst að enginn þarf að kvíða skorti á verkefnum eða menningarþorsta. Nýir nágrannar koma sér fyrir í nýjum húsakynnum og ásýnd svæðisins þróast. Gestir og listamenn munu áfram endurspeglar allan fjölbreytileika mannlífsins og útlit er fyrir áframhaldandi grósku í starfsemi á öllum sviðum í starfsemi þessa einstaka húss sem Harpa er.

26. apríl 2023

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir.